

þar sem ekki verður séð, að þeir séu óeðlilega háir, verða þeir teknir til greina að öllu leyti.

Um 4. Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem of háum.

Bifreiðin R. 3708 var af svonefndri „Durant“-gerð, smíðuð árið 1931, og notaði stefnandi hana til eigin þarfa.

Þegar þetta er virt, þykja bætur til stefnanda samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 100.00.

Málalok verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 1824.33 (303.00 + 1421.33 + 100.00) með 6% ársvöxtum frá 8. marz 1950, en þá virðist krafa fyrst hafa komið fram.

Þá þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 400.00.

Samkvæmt ákvæðum 5. mgr. 34. gr. bifreiðalaganna nr. 23 frá 1941 ber að taka til greina kröfu stefnanda um lögveð í bifreiðinni R 106 til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur R. Oddsson, greiði stefnanda, Jóhannesi Guðmundssyni, kr. 1824.33 með 6% ársvöxtum frá 8. marz 1950 til greiðsludags og kr. 400.00 í málskostnað. Á stefnandi lögveð í bifreiðinni R. 106 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 28. janúar 1952.

Nr. 104/1951. **H.f. Njáll, h/f Hængur og**
Lýsissamlag íslenzkra botnvörpunga
 (Gunnar Þorsteinsson)
 gegn
Guðjóni Sigurðssyni (Ragnar Ólafsson).

Fjárnám. Sjóveðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfélagans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjendur, sem hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með

stefnu 18. ágúst 1951, gera þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að synjað verði um fjárnám það, sem krafizt er. Svo krefjast þeir og málskostnaðar fyrir báðum dómum úr hendi stefnda eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda eftir mati dómsins.

Ketill sá, sem um ræðir í 1. tölulið hins áfrýjaða úrskurðar, var í l/v Hugin sumarið 1948, er sjóveðréttur stefnda stofnaðist. Ketillinn var einn hluti skipsins, og þótt búið væri að taka hann úr því og selja hann, þegar fjárnáms var krafizt, hélzt sjóveðrétturinn óhaggaður, sbr. 239. gr. laga nr. 56/1914. Ber því að heimila fjárnám í katli þessum.

Munir þeir, sem taldir eru í 2., 3. og 5. tölulið úrskurðarins, voru einnig í skipinu, er sjóveðréttur stefnda stofnaðist. Er hér um að ræða ljósavél, dýptarmæli og þilfarsvindu, sem í úrskurðinum er ranglega nefnd togvinda. Nær sjóveðrétturinn einnig til þessara muna, þótt þeir væru eign annars aðilja en skipseiganda, sbr. meginreglu 243. gr. fyrrgreindra laga, og ber því að heimila fjárnám í þeim. Af legufærum þeim, sem um ræðir í 4. lið úrskurðarins, voru eitt akkeri og 9 liðir af keðju í l/v Hugin sumarið 1948, og nær sjóveðrétturinn því einnig til þessa. Önnur þau legufæri, sem getið er í þessum lið, falla ekki undir sjóveðrétt stefnda, enda voru þau hvorki í skipinu né eign skipseiganda, h/f Njáls, sumarið 1948. Ber því að heimila fjárnám í fyrrgreindu akkeri og 9 liðum af keðju.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjendur greiði in solidum stefnda málskostnað í Hæstarétti, sem ákveðst kr. 1800.00.

Það athugast, að munnlegur málflutningur í héraði fór fram 10. júlí 1951, en úrskurður var ekki kveðinn upp fyrr en 10. ágúst s. á. Verður að víta þenna drátt.

Dómsorð:

Fjárnám skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda í

framangreindum skipskatli, ljósavél, dýptarmæli, akkeri, 9 liðum af keðju og þilfarsvindu.

Áfrýjendur, h/f Njáll, h/f Hængur og Lýsissamlag íslenzkra botnvörpunga, greiði in solidum stefnda, Guðjóni Sigurðssyni, kr. 1800.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 10. ágúst 1951.

Í máli þessu eru gerðar þær réttarkröfur af hálfu gerðarbeiðanda, Guðjóns Sigurðssonar, sjómanns hér í bæ, að fram fari framhaldsfjárnám í ýmsum munum, sem áður voru í línuveiðaranum Hugin RE. 83 fyrir fjárnámskröfunum, kr. 903.57, ásamt 6% ársvöxtum frá 21. janúar 1949 til greiðsludags, kr. 300.00 í málskostnað í héraði, kr. 600.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti, svo og fyrir öllum kostnaði við fjárnám og uppboð, ef til kemur. — Þá er þess og krafizt, að gerðarþolur, Fiskveiðahlutafélaginu „Njáli“, Lýsissamlagi íslenzkra botnvörpunga og hlutafélaginu „Hængi“ verði gert in solidum að greiða gerðarbeiðanda sérstakan málskostnað í máli þessu.

Af hálfu gerðarþolanna er framgangi hinnar umbeðnu fógetagerðar mótmælt og málskostnaðar krafizt úr hendi gerðarbeiðanda.

Mál þetta var lagt undir úrskurð fógetaréttarins hinn 10. fyrra mánaðar.

Með dómi sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur, uppkveðnum hinn 25. febrúar 1950, var Jóni Guðmundssyni, útgerðarmanni í Keflavík, leigutaka l/v Hugins á sumrinu 1948, gert að greiða gerðarbeiðanda, Guðjóni Sigurðssyni, kr. 903.57 ásamt 6% ársvöxtum af þeirri upphæð til greiðsludags og kr. 300.00 í málskostnað. Þá var í dómi þessum kveðið svo á, að gerðarbeiðandi skyldi hafa sjóveðrétt í l/v Hugin fyrir kröfum þessum. — Sjá hér rskj. 3 í máli þessu.

Þáverandi eigendur l/v Hugins, Sigríður Sighvatsdóttir vegna dánarbús Tómasar Jónssonar og Gísli Jónsson, áfrýja sjóveðréttarákvæði héraðsdómsins til Hæstaréttar hinn 2. nóvember 1950, en dómurinn hafði verið birtur þeim hinn 6. júní sama ár. — Með dómi Hæstaréttar, sem uppkveðinn var hinn 20. desember 1950, var sjóveðréttarákvæði héraðsdómsins staðfest og gerðarbeiðanda tildæmdar kr. 600.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti, og skyldi sú upphæð njóta sjóveðréttar í l/v Hugin. — Sjá rskj. 2 í máli þessu.

Með bréfi til fógetaréttar Reykjavíkur, dags. 4. janúar 1951, krefst gerðarbeiðandi fjárnáms í sjóveðinu, l/v Hugin, fyrir hinum tildæmdu kröfum í héraði svo og fyrir málskostnaði samkvæmt hæstaréttardómnunum á rskj. 2 auk kostnaðar við fjárnám og uppboð. — Hinn 8. janúar 1951 var svo gert fjárnám í skipinu, þar sem það var í skipasmíðastöðinni „Bátanaust“ við Elliðaárvog hér í bænum.

Hinn 11. apríl fer svo fram nauðungaruppboð á skipinu, og nam hæsta boð kr. 2000.00. Hinn 13. sama mánaðar var uppboðsafsal gefið hæstbjóðanda, h/f Keili hér í bæ. Hinn 25. sama mánaðar er þess krafizt af hálfu gerðarbeiðanda, að fram fari framhaldsfjárnám í munum, sem tilheyrir hafi skipinu, þá er sjóveðréttur stofnaðist, en síðar verið úr því teknir. Þessir munir eru sérstaklega tilgreindir þannig:

1. Ketill, nú í vörzlu Lýsissamlags íslenzkra botnvörpunga, Köllunar-kletti, og talinn eign þess.

2. Generator til rafmagnsframleiðslu í Baldursstöð við Sörlaskjól, talinn eign h/f Hængs.

3. Dýptarmælir hjá Ólafi Jónssyni útvarpsvirkja, talinn eign h/f Hængs.

4. Legufæri, sem liggja við bauju inni á Sundum, talin að hluta eign h/f Hængs.

5. Spil, sem liggur á lóð Gísla Jónssonar við Nýlendugötu hér í bæ.

6. Aðrir munir allir, er numdir hafa verið úr skipinu, eftir að sjóveðréttur gerðarbeiðanda stofnaðist.

Auk h/f Njáls er fjárnámsgerðinni beint gegn Lýsissamlagi íslenzkra botnvörpunga og h/f Hængi. — Því er haldið fram, að sjóveðréttur nái til ofangreindra muna, sem séu nauðsynlegir til þess að skipið geti talizt gufuskip til fiskveiða. Þó hlutir þessir séu nú á hendi þriðja manns, séu þeir engu að síður undirorpnir sjóveðréttinum, jafnvel þó þriðji aðili hafi verið grandlaus í því efni.

Af hálfu gerðarbolanna er framgangi hinnar umbeðnu fjárnámsgerðar mótmælt. Er svo frá skýrt, að vorið 1950 hafi eigendum skipsins hugkvæmt að láta breyta skipinu í vélknúð oliuskip, og hafi verið stofnað til samninga við h/f Keili um nauðsynlegar viðgerðir og breytingar á skipinu í því skyni. H/f Keilir hafi gert skipseigendum það tilboð, dags. 25. apríl 1950, að taka vél og ketil úr skipinu ásamt öllu þessu tilheyrandi og smíða jafnframt undirstöður undir nýja vél. Tilboð þetta hafi numið kr. 20.000.00, en að auki hafi verið tilskilið, að ketillinn og ýmislegt annað úr skipinu yrði eign h/f Keilis. Nú hafi skipseigendur samdægurs gengið að þessu tilboði, og ketillinn hafi því orðið eign h/f Keilis þann sama dag. Þó hafi síðar samizt svo, að h/f Keilir hafi selt eigendum skipsins ketilinn fyrir kr. 8.500.00, og hafi um leið orðið hækkun á hinni upphaflegu tilboðsupphæð, sem því svaraði. Hinn 8. maí 1950 hafi svo Gísli Jónsson vegna eigenda skipsins selt Lýsissamlagi íslenzkra botnvörpunga ketilinn, og hafi það verið eigandi hans síðan.

Þá er þess getið, að dómurinn á rskj. 3 hafi fyrst verið birtur eigendum skipsins hinn 6. júní 1950, en þá hafi katlinum samkvæmt framansögðu þegar verið ráðstafað með löglegum hætti, en eigendum skipsins verið ókunnugt um tilvist dóms þessa fyrr en við birtingu hans. Reyndar hafi skipseigendur heldur ekki mátt vita um tilvist sjóveðréttar, fyrr en þá er dómur Hæstaréttar um sjóveðrétt féll hinn 22. desember 1950.

Er nú framgangi fjárnámsins mótmælt á þeim grundvelli, að engin breyting hafi orðið á sjóveðinu, hvorki til verðaukningar né verðrýrnunar,

frá því sjóveðréttur gerðarbeiðanda í skipinu stofnaðist, og þar til fjárnám var í því gert hinn 8. janúar s.l. eða eftir að fjárnám þetta fór fram. Gerðarbeiðanda eða umboðsmanni hans hafi verið kunnugt eða átt að vera kunnugt um ástand skipsins, er fjárnámið fór fram, en enginn áskilnaður hafi verið uppi hafður vegna þess eða um síðara framhaldsfjárnám. Með þessu aðgerðarleysi hafi gerðarbeiðandi glatað þeim rétti, sem hann ella kynni að hafa haft í þessu sambandi. Veðgildi sjóveðsins hljóti að miðast við söluverð þess á nauðungaruppboði. Beri sjóveðhafi þannig áhættuna viðvíkjandi verðrýrnun sjóveðsins frá stofnun sjóveðréttar, hverju svo sem rýrnun þessi sé að kenna, og sé einstökum munum skipsbúnaðar fargað eftir að sjóveðréttur stofnaðist, en áður en aðför fer fram, falli sjóveðréttur í þeim niður. — Af þessu leiði, að ekki verði á neinn hátt unnt að gera fjárnám í katli skipsins, sem samkvæmt framan-sögðu sé eign Lýsissamlags íslenzkra botnvörpunga. Þá er og mótmælt fjárnámi í generator og dýptarmæli, sem alla tíð hafi verið eign h/f Hængs. — Til vara er því mótmælt, að fjárnám verði gert í öðrum verðmætum en trollspili, sem liggur á Baldursstöð við Skerjafjörð, og einu akkeri og 9 liðum af keðju, en hinn hluti legufæra hafi aldrei verið eign skipseigenda.

Sjóveðréttur gerðarbeiðanda verður talinn hafa stofnast um leið og kaupkrafa hans varð til. Undir sjóveðréttinn fellur skipsbúnaður sá, er greinir í 1.—5. lið á rskj. 4, þar sem munir þessir hafa ómótmælt verið í skipinu, þá er sjóveðrétturinn stofnaðist, og þeir verða eftir atvikum að teljast nauðsynlegur skipsbúnaður.

Ekki hefur verið upplýst, hvaða munir það eru, sem minnst er á undir 6. lið á rskj. 4, og er því ekki unnt að leyfa fjárnám í þeim. En hins vegar verður leyfður framgangur fjárnáms í skipskatli, generator, dýptarmæli, legufærum og trollspili, sem eru í 1/v Hugin, þá er sjóveðréttur gerðarbeiðanda stofnaðist, en síðar hafa verið teknir úr skipinu. Auk dómkrafnanna, sbr. rskj. 2 og 3, nái fjárnámið til kostnaðar við fjárnámsgerðina og eftirfarandi uppboð, en ekki þykir ástæða til að úrskurða sérstök málflutningslaun til handa umboðsmönnum aðilja í sambandi við ágreining þann, sem hér er til úrskurðar.

Því úrskurðast:

Fjárnám skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda í skipskatli, generator, dýptarmæli, legufærum og trollspili, sem voru í 1/v Hugin RE. 83, þá er sjóveðréttur gerðarbeiðanda stofnaðist.

Kröfur umboðsmanna aðilja um málflutningslaun verða ekki teknar til greina.